

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Njarðargata 25.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. maí 2013, breytingu á deiliskipulagi 1.185.6 vegna lóðarinnar nr. 25 við Njarðargötu. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli o.fl.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 19.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. maí 2013, breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.4, Þjóðleikhúsreitur, vegna lóðarinnar nr. 19 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að byggja við Þjóðleikhúsið.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 6. júní 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2013